


Skýrsla stjórnar LÍV október 2017 – október 2019




Þing Landssambands ísl. verzlunarmanna frá stofnun



1.	Stofnfundur 1. - 2. júní 1957	Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
2.	8. - 10. maí 1959	Reykjavík, hús VR að Vonarstræti
3.	5. - 7. maí 1961	Reykjavík
4.	3. - 5. maí 1963	Sauðárkrókur, samkomuhúsið Bifröst
5.	7. - 9. maí 1965	Selfoss, samkomusalur Selfossbíós
6.	17. - 19. febrúar 1967	Reykjavík, hús Slysavarnarfélags Íslands
7.	4. - 6. september 1969	Akureyri, samkomusalur Sjálfsbjargar
8.	25. - 27. febrúar 1972	Reykjavík, Hótel Esja
9.	14. - 16. september 1973	Borgarnes
10.	3. - 5. október 1975	Höfn
11.	4. - 6. nóvember 1977	Reykjavík, Hótel Loftleiðir
12.	2. - 4. nóvember 1979	Stykkishólmur
13.	12. - 14. júní 1981	Reykjavík, Hótel Saga
14.	14. - 16. október 1983	Húsavík, Hótel Húsavík
15.	15. - 17. nóvember 1985	Reykjavík, Hótel Esja
16.	13. - 15. nóvember 1987	Akureyri, Alpýðuhúsið
17.	13. - 15. október 1989	Reykjavík, Hótel Saga
18.	24. - 26. maí 1991	Akureyri, Alpýðuhúsið
19.	7. - 9. maí 1993	Reykjavík, Hótel Saga
20.	26. - 28. maí 1995	Kirkjubæjarklaustur
21.	10. - 12. október 1997	Reykjavík, Grand Hótel
22.	7. - 9. maí 1999	Akureyri, Alpýðuhúsið
23.	26. - 27. október 2001	Reykjavík, Hótel Saga
	3. - 4. maí 2002	Akureyri, Hótel KEA
24.	14. - 15. nóvember 2003	Reykjavík, Hótel Saga
25.	11. - 12. nóvember 2005	Akureyri, Hótel KEA
26.	2. - 3. nóvember 2007	Reykjavík, Nordica Hótel
	19. - 20. september 2008	Akureyri, Hótel KEA
27.	26. 27. nóvember 2010	Reykjavík, Nordica Hótel
28.	8. - 9. nóvember 2013	Akureyri, Menningarhúsið Hof
29.	16. - 17. október 2015	Akureyri, Hótel KEA
30.	13. - 14. október 2017	Akureyri, Menningarhúsið Hof
31.	18. - 19. október 2019	Akureyri, Menningarhúsið Hof

Fjöldi kvenna og karla í aðildarfélögum LÍV 1. janúar 2019

	<u>Skattskyldir</u>		<u>Samtals</u>	<u>Meðal ársverk</u>
	Karlar	Konur		
VR	15.391	19.201	34.592	28.117
Stéttarfélag Vesturlands	44	84	128	84
Vlf. Snæfellinga	19	53	72	50
Vlf. Vestfirðinga	134	204	338	197
Stéttarfélag Samstaða	17	50	67	48
Vmf. Skagfirðinga	95	192	287	101
FVSA	816	1.186	2.002	1.225
Framsýn stéttarfélag	127	217	334	125
Vlf. Þórshafnar	1	13	14	10
AFL Starfsgreinafélag	140	270	410	188
Samtals	15.053	20.451	35.504	27.974

Þróun félagsmannafiðla, kyniaskipting og hlutfall af vinnumarkaði





STJÓRN LÍV SÍÐASTA KJÖRTÍMABIL

Formaður Guðbrandur Einarsson til mars'19
Ragnar Þór Ingólfsson frá mars'19

Aðalmenn í stjórn

Kristín María Björnsdóttir, VR deild Austurland
Eiður Stefánsson, FVSA
Guðmundur Gils Einarsson, VR deild Suðurland
Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR
Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar
Ólafur Reimar Gunnarsson, VR, aðalmaður frá febrúar - júní'19
Bryndís Kjartansdóttir, VR, aðalmaður frá júní'19

Varamenn í stjórn

Jóna Matthíasdóttir, Framsýn Stéttarfélag til febrúar'19
Bjarni Þór Sigurðsson, VR
Anna María Elíasdóttir, FVSA
Dóra Magnúsdóttir, VR
Þórhildur Ragna Karlsdóttir, VR deild Vestmannaeyjar

VERKASKIPTING STJÓRNAR

Kristín María Björnsdóttir var kjörin varaformaður til tveggja ára og Eiður Stefánsson ritari sambandsins.



BREYTINGAR Á FRAMKVÆMDASTJÓRN

Guðbrandur Einarsson sagði af sér formennsku LÍV þann 20. mars 2019. Hann var kosinn í stjórn sambandsins árið 1999 og formaður árið 2013 og sat því í stjórn LÍV í samtals 20 ár. Jóna Matthíasdóttir var kosin í varastjórn LÍV 2017 en sagði sig frá störfum í ágúst 2018 þegar hún breytti um starfsvettvang. Ólafur Reimar Gunnarsson var kosinn í varastjórn 2017 og tók sæti í aðalstjórn í ágúst 2018 - júní 2019 þegar hann sagði af sér öllum störfum fyrir VR og LÍV. Bryndís Kjartansdóttir var kosin í varastjórn 2017 og tók sæti í aðalstjórn í júní 2019.

SKRIFSTOFAN

LÍV hefur aðstöðu á skrifstofu VR í Kringlunni 7, Reykjavík en VR hefur séð um rekstur sambandsins frá árinu 2002 samkvæmt þjónustusamningi, sem var endurnýjaður árið 2014. Samkvæmt honum eru tekjur til sambandsins hlutfall af grunnfjárhæð á innheimtum skattatekjum LÍV og aukast í hlutfalli við fjölgun félagsmanna. Starfsmenn LÍV á tímabilinu voru Guðbrandur Einarsson, formaður sambandsins þar til Ragnar Þór Ingólfsson tók við af honum formennskunni í 37,5% starfi og Ástríður S. Valbjörnsdóttir í 50% starfi.

ANDLÁT



Sverrir Hermannsson lést 12. mars 2018, 88 ára gamall. Þegar Sverrir var ráðinn starfsmaður VR árið 1956 var hafist handa við undirbúning að stofnun LÍV og var stofnþing haldið 1. og 2. júní 1957 í húsakynnum VR, Vonarstræti 4. Þann 2. júní voru fyrstu samningar VR gerðir við Vinnuveitendasamband Íslands og er því 2. júní talinn vera merkisdagur í sögu samtaka verslunar- og skrifstofufólks á Íslandi.

Sverrir var kosinn fyrsti formaður LÍV og gegndi því embætti til ársins 1972. Hann var sæmdur gullmerki sambandsins árið 1997.



Einar M. Nikulásson lést 31. mars 2019, 66 ára gamall.


Hann var varamaður í stjórn LÍV frá 1991 - 1999 fyrir hönd VR. Á þingum LÍV var Einar fulltrúi í um 25 ár og var ávallt boðinn og búinn við að aðstoða við uppsetningu á þingum LÍV til fjölda ára ásamt góðum vinnufélögum sínum þeim Grétari og Reyni.

Einar var starfsmaður VR í 29 ár og var sæmdur gullmerki félagsins árið 2019.



Hafliði Jósteinsson lést 2. ágúst 2018, 77 ára gamall.

Hann var varamaður í stjórn LÍV frá 1975-1977 og frá 2005 - 2008 fyrir hönd Vmf. Húsavíkur. Hafliði sat fjölda þinga LÍV og lá ekki á skoðunum sínum þegar hann sté í pontu. Hann var formaður Verslunarmannafélags Húsavíkur um tíma og sat í stjórn deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar til ársins 2011.



Teitur Jensson lést 9. janúar 2019, 89 ára gamall.

Hann var endurskoðandi LÍV í 18 ár, frá 1977-1995 en hann kom úr röðum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Teitur sat fjölda þinga sambandsins en hann var stjórnarmaður VR og sat í trúnaðarráði.

FUNDIR

Á kjörtímabilinu voru haldnir 16 stjórnarfundir, 4 formannafundir og einn vinnufundur með starfsmönnum aðildarfélaganna.

Formannafundur 7. maí 2018

Fundurinn var boðaður í Reykjavík til að slá takt kjarasamninginn við SA sem losnuðu 31. desember 2018. Bent var á að þeir gætu orðið erfiðir og því mikilvægt að vera vel undirbúin. Félögin voru hvött til að senda LÍV áherslur og benda á það sem betur mætti fara í gildandi samningi. Haldin voru þrjú erindi á fundinum.

Efnahagshorfur og kjarasamningar, Viðar Ingason, hagfræðingur VR

Fram kom að reiknað væri með að hagvöxtur yrði nálægt 0% á árinu og það myndi hægjast á íslensku efnahagslífi. Sagði hann að huga þyrfti að því að laun væru jafnframt uppruni tekna fyrirtækja. Fór hann yfir nýtt kjarasamningslíkan VR

Efnahagshorfur og félagslegar áskoranir, Róbert Farestveit, hagfræðingur ASÍ

Taldi hann að efnahagslífið og framleiðsluspenna myndi hægja á sér á árinu og áskoranir yrðu félagslegar frekar en efnahagslegar. Umhugsunarvert væri að niðursveiflan muni hafa áhrifa á tekjur ríkisins. Samkvæm fjármálaáætlun 2019 - 2023 er gert ráð fyrir mjúkri lendingu með 2% hagvexti til ársins 2023.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks, Sólveig L. Snæbjörnsdóttir, fagstjóri

starfsmenntamála VR og Selma Kristjánsdóttir, sérfræðingur starfsmenntamála VR

Kynnt var nýtt diplómanám í verslunarstjórnun sem fellur undir fagháskólanám. Farið var yfir sameiginlegan styrk fyrirtækja og einstaklinga. Sjóðurinn tengist www.attin.is þar sem fyrirtæki geta sótt um styrki til námskeiða, eigin fræðslu, fræðslustjóra að láni og lækkað iðgjald.

Heimasíða SVS er www.starfsmennt.is og er hann einnig á Facebook.

Farið var yfir drög að nýjum samningi við aðildarfélögin.

Alls sátu fundinn 15 fulltrúar frá 11 aðildarfélögum LÍV.



Formannafundur 5. október 2018 í Reykjavík

Kynning var á því hvernig viðræðuheimild væri unnin og hvað í henni fælist. Jafnframt var farið yfir framsetningu kröfugerðarinnar. Öll verslunarmannafélög og deildir verslunarmanna innan LÍV fyrir utan VR höfðu skilað umboði til gerðar kjarasamninga en gildistími samningsins var til 31. desember 2018. Farið var yfir áherslur við gerð nýs kjarasamnings.

Alls sátu fundinn 12 fulltrúar frá 10 aðildarfélögum LÍV.

Formannafundur 16. október 2018

Fram kom að það væri rauður þráður milli kröfugerða SGS og VR, þær væru nánast samhljóða fyrir utan launatöflur. Farið var yfir kröfugerðir LÍV og VR og var samþykkt að breyta texta varðandi húsnæðismál í kröfugerð VR. Samþykkt í framhaldinu að sameinast um að gera kröfugerð VR að kröfugerð LÍV og var kröfugerð LÍV samþykkt samhljóða.

Alls sátu fundinn 13 fulltrúar frá 10 aðildarfélögum LÍV.

Formannafundur 8. apríl 2019

Kynning á nýjum kjarasamningi við SA frá 3. apríl. Kjarasamningur við FA var undirritaður þann 5. apríl. Samningurinn gildir til 31. desember 2022.

Farið var m.a. yfir styttingu vinnuvikunnar, áhrif hagvaxtar, bókanir um leiguíbúðafélag, nýtt launakerfi og aðgerðir stjórnvalda.

Alls sátu fundinn 15 fulltrúar frá 9 aðildarfélögum LÍV.

Vinnufundur fyrir starfsmenn aðildarfélaganna 19. - 20. september 2019



Vel var mætt á vinnufund LÍV sem haldinn var að Hallormsstað. Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs VR fór yfir vinnutímastyttinguna sem samið var um í Lífskjarasamninginum en hún tekur í gildi 1. janúar 2020. Jafnframt fór hún yfir og skerpti á túlkunaratríðum kjarasamningsins. Guðmundur B. Ólafsson, lögfræðingur VR fór m.a. yfir veikindaréttinn og dóma. Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, fagstjóra starfsmenntamála fór yfir reglugerð Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks.

Mikil ánægja var með fundinn og framtak LÍV og lagt til að slíkir fundir yrðu haldnir reglulega því mikilvægt væri fyrir formenn og starfsmenn að hittast til að styrkja tengslin.



Vinnufundur Hallormsstað 2019

STARFSMENNTASJÓÐIR

Fulltrúar í stjórnnum starfsmenntasjóða

Stjórn SVS: Eiður Stefánsson, LÍV, Ingibjörg Ósk. Birgisdóttir, VR og Teitur Lárusson, VR. Til vara Gils Einarsson, VR/LÍV og Guðrún B. Hallbjörnsdóttir, VR.

Stjórn SV: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR og Selma Kristjánsdóttir VR/LÍV

Starfsmenn: Sólveig L. Snæbjörnsdóttir og Selma Kristjánsdóttir



Starfsmenntastyrkir

Fjöldi styrkja 2018 voru til 7.902 einstaklinga og var aukningin um 11% frá árinu 2017.

Uppsafnaðan styrk 2018 fengu 584 félagsmenn en þeir voru 445 á árinu 2017.

Meðalupphæð styrkja 2018 til einstaklinga var 65.710 en 48.675 árið áður.

Hlutfall styrkja 2018 vegna starfstengds náms er 95,5%, tómstundanám 3,3% og ferðastyrkir 1,2%. Styrkir til fyrirtækja voru 607 og 22 fyrirtæki voru á lækkuðu iðgjaldi.

Hækkun einstaklingsstyrkja

Þann 1. janúar 2018 tók í gildi hækkun einstaklings- og fyrirtækjastyrkja í kr. 130.000 bæði til fyrirtækja og einstaklinga. Þá varð styrkur 90% af reikningi í stað 78%. Uppsafnaður styrkur hækkaði í kr. 390.000 að hámarki. Hækkun tómstundastyrkja hækkaði í kr. 30.000 og ferðastyrkur hækkaði í kr. 40.000 á ári eða kr. 120.000 með uppsöfnuðum styrk. Samtals voru 22 fyrirtæki sem tóku þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni

Kynningarmál

Áhersla lögð á kynningarmál á árinu 2018 og jafnframt unnið að myndabanka sjóðsins þar sem teknar voru myndir af sjóðsfélögum í störfum

Hæfnisetur ferðapjónustunnar

Samstarfsverkefni ásamt samstarfssjóðum á almennum vinnumarkaði til þess að efla fræðslu hjá fyrirtækjum í ferðapjónustu

Diplómanám í viðskiptafærði og verslunarstjórnun

Samstarfsverkefni VR, Samtaka verslunar og þjónustu og SVS, HR og Háskólans á Bifröst. Námið er fyrsta fagháskólanám sem þróað er á Íslandi. Námið er fjögurra anna nám kennt á Bifröst og í HR og er fyrir starfandi verslunarstjóra og einstaklinga með víðtæka reynslu af verslunarstörfum. Námið er 60 ECTS einingar og gefur möguleika á að ljúka grunngráðu í viðskiptafræði.



Stjórn SVS ásamt starfsmönnum

Menntagátt

Þróunarverkefni um nýtt 90 eininga fagnám í verslun á framhaldsskólastigi. Styrkt að mest af SVS. Stefnt er að því að hefja fagnámið í janúar 2020.

Ráðstefnur SVS

2017 - Góð þjónusta og tengin hæfni og menntunar við þjónustu

2018 - Framtíð íslenskrar verslunar - erum við tilbúin?

Vinnuhópur um miðlægan gagnagrunn

Áfram er unnið að því að setja á fót miðlægan gagnagrunn fyrir stéttarfélögin innan LÍV. Í vinnuhóp sem var stofnaður 2014 voru tilnefnd Guðbrandur Einarsson, LÍV, Eiður Stefánsson, FVSA og Silja E. Steingrímsdóttir frá Stéttarfélagi Vesturlands ásamt Sólveigu Snæbjörnsdóttur, VR og Birni H. Björnssyni, VR.

KJARAMÁL

Ánægjuleg lending kjarasamninga

Síðastliðin tvö ár hafa verið afar viðburðarík í sögu LÍV og ASÍ.

Miklar og í raun fordæmalausar breytingar hafa verið á forystu hreyfingarinnar innan ASÍ og hjá LÍV ásamt því að undirritaðir voru einir umfangsmestu kjarasamningar sem gerðir hafa verið innan hreyfingarinnar og nefndur var Lífskjarasamningurinn.

Vinnan við samninginn átti sér langan og strangan aðdraganda þótt markmiðin hafi verið skýr frá byrjun. Ætla má að aldrei fleiri félagsmenn verslunarmanna hafi komið að kröfugerð áður en áætla mátti að um 4.000 félagsmenn hafi komið með einum eða öðrum hætti við mótun hennar. Kröfugerðin varð svo lykillinn af þeim góða árangri sem síðar náðist.

Kjaraviðræðurnar voru mjög flóknar og erfiðar þar sem VR og LÍV gengu ekki í takt í byrjun þrátt fyrir að vera með sömu kröfugerðina. Það sama var uppi á teningnum hjá Eflingu og Starfsgreinasambandinu. Það er ekkert óeðlilegt eða óþekkt að áherslumunur geti verið á leiðum að sama markmiði.

Eftir að VR, Efling og VLFA höfðu slitið sig frá viðræðum héldu LÍV og SGS áfram vinnu við að ná samkomulagi á vettvangi Ríkissáttasemjara.

Á sama tíma var kosning um sameiningu VR og VS í gangi sem endaði með samþykki tæplega 83% félagsmanna VS.

Á endanum varð þó ljóst að ekki næðist að lenda samningum á vettvangi LÍV og SGS og ákvað Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV, að slíta viðræðum og sagði í kjölfarið af sér formennsku. Stjórn LÍV samþykkti að formaður VR tæki við embættinu fram að næsta þingi LÍV og að Eiður Stefánsson tæki við keflinu fyrir hönd LÍV í þeim viðræðum sem framundan voru.

Á þessum tímamarki var ákvörðun tekin um að VR og LÍV færu sameiginlega fram í viðræðum og viðtók gríðarleg vinna og aðgerðir sem fólu meðal annars í sér fyrstu verkfallsaðgerðir VR í rúmlega 30 ár. Einnig gerðist hið óhugsandi í miðri samningalotu í Karphúsinu, og verkfallsaðgerðum, að flugfélagið WOW air fór í þrot. Um 2.000 manns misstu þar vinnuna á einu bretti, þar af um 250 félagsmenn LÍV. Samningsstaða okkar varð enn þrengri í miklu óvissuástandi sem skapaðist með falli WOW air, í bland við gengdarlausan og fordæmalausan áróður sérhagsmunaafila gegn verkalýðsförystunni og kröfugerðinni. Það var þó öllum ljóst, þar með talið okkar viðsemjendum, að ábyrgðin sem á okkur hvíldi var gríðarlega mikil.

Atburðarásin á eftir var nánast reyfarakennd. Á enda metrunum stóðu sameinað Starfsgreinasamband og sameinað LÍV að einum umfangsmestu kjarasamningum sem gerðir hafa verið á íslenskum vinnumarkaði. Mikil samheldni og samtakamáttur stærstu landssambandanna hafði skilað sér að lokum með gerð Lífskjarasamningsins.

Samningurinn var í yfir 40 liðum með aðkomu stjórnvalda og miðaði, í grunninn, að tryggja framfærslu og búsetuöryggi ásamt fjölmörgum atriðum er snúa að almennri velferð. Kjarasamningarnir voru samþykktur með miklum meirihluta atkvæða hjá öllum verslunarmannafélögum og deildum verslunarmanna innan LÍV.

Kjörsókn um samning SA var 20,75% og um samning FA 26,67%. Á kjörskrá um samning milli aðildarfélaganna LÍV og SA voru 37.375 félagsmenn og sögðu 88,40% já en nei 9,71%. Á kjörskrá um kjarasamningi milli aðildarfélaganna LÍV og FA voru 1.732 félagsmenn og sögðu 88,74% já en nei 10,17%.

Innan LÍV eru 10 verslunarmannafélög og deildir verslunarmanna og fór atkvæðagreiðslan fram frá 11. - 15 apríl hjá sex af aðildarfélögum sambandsins og frá 12. - 23. apríl hjá fjórum þeirra.

Hrósá má þeim mikla mannauð sem stéttarfélög verslunarmanna búa yfir. Stjórnir og starfsfólk sem er tilbúið að leggja mikið á sig fyrir félagsmenn sína, vinna næturlangt og byrja fyrir allar aldir, fórn mikilvægum tíma frá vinum og fjölskyldu og leggja í hvaða verkefni sem er með bros á vör? Þar liggur hinn eiginlegi grunnur af þeim árangri sem við náum.

Fjölbreytt og krefjandi vinna er framundan og er hún hafin af fullum krafti. Það er eitt að fá hugmyndir og koma þeim á blað því mesta vinnan er að koma þeim í framkvæmd. Við þurfum að sjá til þess að fjölbreyttum markmiðum samningsins verði náð, og á réttum tíma, svo endurskoðunarákvæði samningsins haldi. Það muna vonandi flestir eftir þeirri kyrrstöðu sem skapaðist í samfélaginu í aðdraganda síðustu samninga, kyrrstaða sem auðveldlega getur skapast á næsta ári verði samningar felldir við endurskoðun þeirra fyrirvara sem við gerðum. Það mæðir því mikið á öllum þeim sem að verkefninu komu þó sú vinna sé ekki undir smásjá fjölmiðla.

[Lífskjarasamningur 2019-2022](#)

[Kynning á lífskjarasamningi](#)

[Kjarasamningur LÍV/VR og SA 2019.-2022](#)

[Kjarasamningur við FA undirritaður 2019-2022](#)

[Sérkjarasamningur milli LÍV/VR og SA - starfsfólk hjá afbreytingar- og ferðabjónustufyrirtækjum](#)

[Helstu atriði nýrra kjarasamninga](#)

[Niðurstaða atkvæðagreiðslu aðildarfélaganna LÍV um kjarasamningana](#)

[Ályktun – Ögrun við launafólk 21. mars 2018](#)



LAGABREYTINGAR AÐILDARFÉLGA

Samþykktar voru lagabreytingar hjá eftirfarandi aðildarfélögum:
VR 2018 og 2019
Verslunarmannafélagi Suðurnesja 2019

NÝIR FORMENN AÐILDARFÉLAGA OG DEILDA

Vlf. Snæfellinga

Vignir Smári Maríasson tók við formennsku félagsins af Sigríði A Guðmundssyni í apríl 2019. Samúel Jón Samúelsson formaður deildar verslunarmanna hætti störfum í september 2019. Ekki hefur verið tilnefndur nýr formaður deildarinnar.

Stéttarfélagið Samstaða

Vigdís Edda Guðbrandsdóttir tók við formennsku deildar verslunarmanna í febrúar 2019 af Sigríði A. Guðmundsdóttur.

Framsýn stéttarfélag

Jónína Hermannsdóttir tók við formennsku í deild verslunarmanna í febrúar 2018 þegar Jóna Matthíasdóttir skipti um starfsvettvang.

Vlf. Þórshafnar

Svala Sævarsdóttir tók við formennsku af Sigríði Jóhannesdóttur 2019. Hún er jafnframt formaður deildar verslunarmanna.

SAMEININGAR

Verslunarmannafélag Suðurnesja sameinast VR

Skrifað var undir samning um samruna Verslunarmannafélags Suðurnesja og VR þann 19. febrúar 2019, sem samþykktur var í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna VS þann 13. mars 2019. Á kjörskrá voru 1.213 og greiddu 315 atkvæði eða 25,97%. Niðurstaða kosningar var að 82,54% félagsmanna VS samþykktu sameiningu. Sameiningin var samþykkt á aðalfundi VR þann 27. mars 2019. Félögin munu starfa undir nafni og kennitölu VR frá 1. apríl 2019. Samið var um að starfsmenn VS myndu starfa áfram á skrifstofunni í Keflavík en Guðbrandur Einarsson ákvað að þiggja ekki starfið. Í dag eru tveir starfsmenn á skrifstofu VR Suðurland og einn sem sér um umsýslu orlofshúsa VR á Suðurlandi.



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

43. þing ASÍ: Þingið var haldið dagana 24. - 26. október 2018 í Reykjavík og átti LÍV rétt á 87 fulltrúum.

Þema þingsins var „Sterkari saman“. Fjallað var um verkefni og áskoranir sem ASÍ, aðildarfélögin og launafólks standa frammi fyrir nú og í næstu framtíð og hvernig eigi að takast á við þær út frá grunngildum og baráttu verkalyðshreyfingarinnar.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR gaf kost á sér til 2. varaforseta en dró framboð sitt til baka eftir að Kristján Þ.

Snæbjarnarson sóttist jafnframt eftir því

sæti. Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV ákvað þá að gefa kost á sér í sæti fyrsta varaforseta þar sem stjórn LÍV hafði samþykkt á stjórnarfundum að eðlilegt væri að fulltrúi innan raða verslunarmanna myndi falast eftir sæti varaforseta. Guðbrandur náði ekki kjöri og því eiga verslunarmenn ekki sæti varaforseta ASÍ

Í kjörnefnd fyrir 44. þing ASÍ voru tilnefnd fyrir hönd LÍV þau Gils Einarsson, VR og Kristín M. Björnsdóttir, VR.



5 þing ASÍ-UNG var haldið 14. september 2018 með yfirskriftinni „Hlutverk stéttarfélaganna – Kjarasamningar og ungt fólk“. Stjórnarmenn eiga seturétt á þingi ASÍ. Margrét Júlía Óladóttir, FVSA situr í stjórn ASÍ-UNG fyrir hönd LÍV.

Fulltrúar LÍV í nefndum á vegum ASÍ

Miðstjórn: Aðalmenn frá LÍV: Ragnar Þór Ingólfsson, VR, Eiður Stefánsson, FVSA, Kristín María Björnsdóttir, VR, Harpa Sævarsdóttir, VR og Helga Ingólfssdóttir, VR

Til vara: Gils Einarsson, VR, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, VR, Ólafur Reimar Gunnarsson, VR, Friðrik Boði Ólafsson, VR og Bjarni Þór Sigurðsson, VR.

Aðalskoðunarmenn: Rannveig Sigurðardóttir, VR og Anna María Elíasdóttir, FVSA til vara.

Fastanefndir

Alþjóðanefnd: Ragnar Þór Ingólfsson. Dóra Magnúsdóttir til vara

Efnahags-, skatta- og atvinnumálanefnd: Helga Ingólfssdóttir. Ólafur R. Gunnarsson til vara

Húsnæðisnefnd: Ragnar Þór Ingólfsson formaður skipaður af ASÍ og Bjarni Sigurðsson. Helga Ingólfssdóttir til vara

Jafnréttis- og vinnumarkaðsnefnd: Harpa Sævarsdóttir, formaður nefndar skipuð af miðstjórn og Gils Einarsson. Kristín M. Björnsdóttir til vara

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd: Eiður Stefánsson. Ragnar Þór Ingólfsson til vara

Mennta- og kynninganefnd: Ingibjörg Ó. Birgisdóttir. Eiður Stefánsson til vara

Skipulags- og starfsháttanefnd: Ragnar Þór Ingólfsson. Kristín M. Björnsdóttir til vara

Umhverfis- og neytendanefnd: Kristín M. Björnsdóttir. Friðrik Boði Ólafsson til vara

Laganefnd: Kristín M. Björnsdóttir. Engir varamenn eru í nefndinni

Starfs- og fjárhagsnefnd: Helga Ingólfssdóttir. Engir varamenn eru í nefndinni

ASÍ-UNG: Margrét Júlía Óladóttir

Fulltrúar LÍV skipaðir af ASÍ í nefndir, stjórnir og ráð

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins: Helga Ingólfssdóttir til vara til 2020

Félagsmálaráðuneytið

Atvinnuleysistryggingasjóður: Helga Ingólfssdóttir til 2022

MFA – skólanefnd Félagsmálaskóla Alþýðu: Kristín M. Björnsdóttir. Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til vara til 2021

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta: Árni Leósson

Vinnumarkaðsráð Suðurlands: Guðmundur Gils Einarsson til 2019

Vinnumarkaðsráð Austurlands: Þorkell Kolbeinsson til 2019

Vinnueftirlit ríkisins: Rannveig Sigurðardóttir til vara til 2019

Vinnumálastofnun: Kristín M. Björnsdóttir til vara 2020

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Fræðslusjóður - stjórn: Stefán Sveinbjörnsson til 2023

Samstarfsráð um fagháskólanám: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, tímabundið verkefni

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir og Eiður Stefánsson. Teitur Lárusson og Kristín M. Björnsdóttir til vara

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina: Selma Kristjánsdóttir. Guðmundur Gils Einarsson til vara

Samstarfsverkefni með stjórnvöldum og hagsmunasamtökum

Bjarg íbúðafélag: Bjarni Þór Sigurðsson. Ragnar Þór Ingólfsson til vara

Fagráð Hæfniseturs ferðaþjónustunnar: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA: Selma Kristjánsdóttir til vara til 2020

Kjararannsóknarnefnd: Ragnar Þór Ingólfsson

VIRK - starfsendurhæfingarsjóður: Ragnar Þór Ingólfsson til 2020

Fulltrúaráð VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs: Gils Einarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Dóra Magnúsdóttir, Herdís Magnúsdóttir, Eiður Stefánsson og Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir

Skjól – fulltrúaráð: Rannveig Sigurðardóttir til 2021

Öldrunarráð: Sigurður Sigfússon til 2020

Á vettvangi ASÍ

Listasafn ASÍ – rekstrarstjórn: Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til tveggja ára

Mímir - símenntun: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir. Ingibjörg Ósk. Birgisdóttir til vara til 2020

Erlent samstarf LÍV

Norræna samstarfið á vegum LÍV fer að mestu leyti fram í tveimur samböndum NS (Nordisk Samarbeidskomité) og NH (Nordisk Handel). Þátttaka hefur jafnframt verið nokkur á fundum á vegum UNI Global Union. Mikilvægt er að viðhalda samstarfinu þar sem LÍV sækir þekkingu og eykur samstöðu verkalýðsfélaga milli landa.

NS – NORDISK SAMARBEIDSKOMITE



NS er samstarfsvettvangur landssambanda á Norðurlöndum en þau eru LÍV, HK Danmörku, HK Noregi, Handels Svíþjóð, og PAM í Finnlandi. Öll samböndin eru innan LO/ASÍ en meginmarkmið þeirra er að tengja löndin saman í kjarabaráttu og kynna hvort fyrir öðru félagslega, pólitíska og efnahagsleg stöðu í hverju landi. Jafnframt er farið yfir það sem efst er á baugi í hverju sambandi og samstarfinu innan UNI. Samstarfið hefur staðið fyrir námskeiðum og námsstefnum og einnig lagt fjármuni í að styðja við kjarabaráttu í öðrum löndum. Forsendan fyrir aðild að NK er aðild að UNI. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur. Á vinnufundi á hvert land 1 fulltrúa en á ársfundi hefur LÍV heimild fyrir tveimur fulltrúum.

Stjórnarfundur 2018 - Osló

Fulltrúi: Guðbrandur Einarsson

Farið yfir starfsemi NS fyrir árið 2018. Staða kjarasamninga og efnahagsástand í hverju landi rædd. Farið yfir skipulag fyrir ársfundinn.

Ársfundur 2018 - Keflavík

Fulltrúar: Guðbrandur Einarsson, Kristín M. Björnsdóttir og Ástríður S. Valbjörnsdóttir.

Samstarfið varð 100 ára á árinu og voru fyrrverandi formönnum sambandanna boðnir. Þeir höfðu dregið saman sögu NS frá stofnun og var gefið út afmælisrit við þetta tilefni. Nýkjörinn forseti UNI Global Union, Christy Hoffmann flutti ávarp.


Farið var m.a. yfir skýrslur um starfsemi hvers lands, ársreikninga samstarfsins og úthlutanir styrkja. Valdimar Guðmundsson flutti lög ásamt gítarleikara og Sigríður og Sólveig Guðbrandsdætur sungu við undirleik Guðbrands Einarssonar.



Kim Simonsen, formaður HK í Danmörku, Susanna Gideonsson, formaður Handels í Svíþjóð, Trine Lise Sundnes, formaður HK í Noregi, Ann Selin, formaður PAM í Finnlandi og Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV



Fyrirverandi formenn systursambandana á Norðurlöndum:
Ninnel Jansson, Handels, Maj-Len Rehmal, Pam, Lars A, Hellström,
Unionen og Jørgen Hoppe, Hk Danmörku



100 ára afmælisrit

Stjórnarfundur 2019 - Helsinki

Fulltrúi: Guðbrandur Einarsson

Umræða um starfið í framtíðinni, áætlað að halda ráðstefnu 2020 fyrir unga félagsmenn þar sem farið verður yfir uppbyggingu verkálýðshreyfingar og lýðræðissamfélags.

Ársfundur 2019 - Osló

Enginn fulltrúi frá LÍV.

Formaður: Trine Lise Sundnes, formaður HK Noregi

Skattur: DKK 1,0 pr. félagsmann.

Fundir: Ársfundur og 2 stjórnarfundir

NH – NORDISK HANDEL



NH er samstarf landssambandanna LÍV, HK Handel í Danmörku, Handel og Kontor í Noregi, Handels, Unionen í Svíþjóð og PAM í Finnlandi. Samstarfið er bundið við verslunargeirann og er markmið NH að vinna að málefnum sem snúa að verslun, undirbúningi félagslegrar umræðu í Evrópu varðandi verslun og fylgja eftir áherslum Norðurlandanna innan UNI Commerce Europa. Í tengslum við ársfund NH hefur samstarfið staðið fyrir fundi með atvinnurekendum og er fulltrúa frá SA boðið. NH hefur staðið fyrir fundum fyrir starfsmenn og forystu sambandanna um ákveðin málefni tengdum verslun. Haldnir eru tveir fundir á ári, vinnufundur stjórnar og ársfundur. Unionen er ekki innan LO.

Ársfundur 2018 – Stokkhólmi

Fulltrúar: Kristín María Björnsdóttir og Gils Einarsson

Þema: Rafræn viðskipti og persónuvernd

Kristín kynnti jafnlaunavottunina sem lögfest var í júní 2017 með breytingu á lögum um jafna stöðu og jafna rétt kvenna og karla. Hin samböndin sýndu mikinn áhuga og óskuðu eftir að fá að fylgjast með hvernig framkvæmdin myndi ganga.

Farið yfir skýrslur hvers lands og stöðu, ársreikninga. Rætt um félagsgjald til samstarfsins sem var fellt niður í eitt ár vegna góðrar stöðu sjóðsins en þarf að endurskoða. Samþykkt að ráða starfsmann í 25% starf. Umræður um verkefni og alþjóðlega samninga innan UNI Global Commerce og UNI Europa Commerce .

Stjórnarfundur 2019 – Helsinki

Fulltrúi: Guðbrandur Einarsson

Verið að skoða samruna NH og NS þar sem mikið af sama fólkinu situr í báðum þessum samböndum og oft rætt um svipaða hluti þó fundir NS séu meira á pólitískum nótum. Farið yfir hvað sé á döfinni hjá hverju sambandi. Í Finnlandi mun Ann Selin hætta sem formaður. Í Svíþjóð er herferð í gangi vegna kynferðislegrar áreitni. Þar er verslun að þróast en ekki starfsfólkið og störfin að verða ótrygg. Um þriðjungur starfsmanna yfirgefur starfsgreinina hvert ár og hefur Amazon sem nýkomið er til Svíþjóðar áhrif á verslunina. Í Noregi eru kjarasamningsviðræður að hefjast. Í Danmörku er fjölgun félagsmanna. Áhyggjur eru vegna innflutnings frá Kína og breytingar eru að eiga sér stað í lífeyriskerfinu vegna hækkandi aldurs þjóðarinnar.

Málefnafundur 2019 - Stockholm

Fulltrúar: Ástríður S. Valbjörnsdóttir, Rósmarý Andersen og Dóra Magnúsdóttir.

Þema: „Starfsumhverfi með áherslu á geðheilbrigði“.

Farið var yfir störf stéttarfélaganna, tengslanet og hvernig vinnuverndartrúnaðarmenn starfa. Markmiðið þeirra er að styðja við félagsmenn m.a. þegar heilsu fer að hraka og vegna vanlíðan svo þeir haldi starfi sínu sem lengst með t.d. vinnuhagræðingu, skertum vinnutíma eða breyttu starfssviði. Streita og þunglyndi er ört vaxlandi vandamál á Norðurlöndum sem mætti kalla farald og ástæða veikindaleyfa. Ísland er eina landið sem greiðir sjúkradagpeninga en skiptar skoðanir voru um hvort það væri jákvætt - eðlilegt væri að ríkið tæki við eftir að veikindaréttindi hjá vinnuveitanda lyki. .



Ársfundur 2019 – Ilulissat

Fulltrúar: Ragnar Þór Ingólfsson og Ástríður S. Valbjörnsdóttir

Þema: „Hnattræn viðskipti og siðfræði í hringlag hagkerfi“

Farið yfir skýrslur landana um starfsemi og pólitíska stöðu, framtíð NH og væntanlega sameiningu við NS, stöðu vinnumarkaðarins og verkefni innan UNI. Fundað var með fulltrúum atvinnurekenda seinni hluta fundarins þar sem farið var yfir sameiginleg málefni. Kirsten Halsnæs hélt áhugavert erindi um „Loflagsbreytingar – áskoranir og aðgerðir“: Hvað getur verslunin gert til að hafa áhrif? Viljayfirlýsing fundarins var að engin græn framtíð verði án verslunar.



Fulltrúar á ársfundi NH í Grænland 2019i

Formaður: Susanna Gideonsson, formaður Handels í Svíþjóð

Skattur: DKK 3,00 fyrir um 40% félagsmanna LÍV

Fundir: Ársfundur, stjórnarfundir og málefnafundir

UNI GLOBAL UNION



UNI Global Union var stofnað sem Union Network International árið 2000. Með sameiningu fjögra alþjóðasamtaka FIET (International Federation of Employees, Technicians and Managers) MEI (Media and Entertainment International), IGF (International Graphical Federation) og CI (Communications International). Í mars árið 2009 breytti Union Network International nafninu sínu í UNI Global Union. UNI er málsvári um 20 milljóna félagsmanna í þjónustugreinum (fjármál, ferðaþjónusta, verslun, upplýsinga- og samskiptatækni, tækni- og

þjónustustarfsemi, flutningar og fl.) í um 900 landssamböndum og landsfélögum í 150 löndum. Stefna sambandsins er að byggja upp samstöðu hjá vinnandi fólki með því að auka þekkingu og hæfni, tryggja réttlæti og jafnrétti fyrir félagsmenn. Stéttarfélög innan UNI hafa beitt sér langt út fyrir vinnustaðina, stéttarfélög eru sterkur þrýstihópur á nánast allt sem viðkemur velferð sinna félagsmanna. Mikil vinna er framundan hjá UNI Global Union að berjast á móti græðgi stórfyrirtækja sem reyna að komast hjá því að greiða mannsæmandi laun og skatta til samfélagsins. UNI Global Union beita sér fyrir jafnrétti kynja og gegn allri mismunun. UNI hefur samþykkt 52 alþjóðlega samninga við fjölbjóðleg fyrirtæki sem miða að því að bæta vinnuskilyrði starfsmanna, laun og tryggja að fyrirtækin starfi með ábyrgum hætti fyrir um 10 milljón starfsmenn þeirra. UNI á sæti í Global Compact innan Sameinuðu þjóðanna, G20 og World Economic forum. Aðeins landssamtök geta fengið aðild að samtökunum og eru höfuðstöðvar þeirra í Nyon í Sviss ásamt skrifstofu í Brussel. Ásamt LÍV eiga Rafís og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja aðild að UNI. Þing innan UNI eru haldin á 4 ára fresti.



Heimsþing og heimsráðstefna kvenna 2018 - Liverpool



Fulltrúar: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir og Eiður Stefánsson.

Þema: „Making it Happen“ „Látum það gerast“

UNI hefur staðið fyrir því að þjálfar félagsmenn í stéttarfélögum og hjálpað stéttarfélög við að skipuleggja sig ásamt því að aðstoða hópa við að stofna stéttarfélög. Á ráðstefnunni voru einstaklingum veitt viðurkenning fyrir að hafa skarað framúr í baráttu sinni í þágu félagsmanna og stéttarfélaganna sinna.

Komið var inn á herferð í Bandaríkjunum sem heitir „Poor People's Campaign“ en fátækt þar hefur aukist mikið. Farið var yfir skýrslu um Bangladesh þar sem UNI hefur komið að mikilli vinnu með heimamönnum um gerð samninga við alþjóðafyrirtæki um bættan aðbúnað á vinnustöðum. Heimsráðstefna kvenna er haldin í tengslum við heimsráðstefnu UNI og fjallar um málefni kvenna á vinnumarkaðinum. Þar voru umræður um Me Too herferðina sem var í 57 löndum. Fjallað var um stefnumörkun, jafnrétti, fræðslu, öflugar konur, ofbeldi gegn konum og framtíð heimsins á vinnumarkaði.



Formaður: Ann Selin, fyrrverandi formaður PAM í Finnlandi

Framk.stj: Christy Hoffman

Skattur: CHF 2,65 og EUR 0,49 pr. félagsmann

Þing: 2022 í Toronto

UNI EUROPA

UNI Evrópa er bakbeinið í UNI Global og mikilvægt í stuðningi við systursamtök í öðrum heimsálfum. Norðurlönd eiga 7 sæti í stjórn en LÍV afþakkaði tilnefningu vegna kostnaðar.

Formaður: Frank Birske, Ver di, Þýskalandi
Peter Hellberg, Unionen, varaformaður fyrir svæði II
Þing: 2020

UNI GLOBAL COMMERCE

Fjöldi félagsmanna er um 4 milljónir í smásölu og heildsölu í 35 löndum með um 60 stéttarfélög. Vinnur að því að bæta lífskjör í smásölu og heildsölu með því að skapa tengslanet og styrkja stéttarfélögin og aðstoða við gerð rammisamninga við alþjóðleg fyrirtæki.

Formaður: Stuart Appelbaum, UFCW, USA
Susanna Gidensson, Handels varaformaður fyrir Evrópu
Þing: 2021

UNI EUROPA COMMERCE



Þing október 2019 – Búkaress
Fulltrúar: Ragnar Þór Ingólfsson, Eiður Stefánsson og Selma Árnadóttir
Verslunin er stærsta atvinnugreinin innan UNI en um 19 milljónir eru starfandi í verslun í Evrópu og 26% þeirra í hlutastafi.

Formaður: John Hannett, USDAW, UK
Aðalritari: Oliver Roething
Þing: 2019

UNI GLOBAL ICTS



Um 3 milljónir félagsmanna upplýsinga-, samskipta-, tækni og þjónustugreinum. UNI ICTS hefur gert rammisamninga við nokkra af stærstu vinnuveitendum í heimi. Auk LÍV eiga Samtök starfsmanna í fjármálafyrirtækjum, Félag bókagerðarmanna, Póstmannafélag Íslands og Félag ísl. símamanna í gegnum Rafiðnaðarsambandið aðild að UNI ICTS. Samtökin vinna að því að byggja upp samstöðu og vinna að réttindum félagsmanna og bættum vinnuaðstæðum um allan heim.

Heimsþing, ágúst 2019 - Kuala Lumpur

Fulltrúar: Ragnar Þór Ingólfsson, Eiður Stefánsson,
Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir

Farið m.a. yfir breytingar og þróun í upplýsingatækni, alheimssamninga, Gig hagkerfi með sjálfstætt starfandi verktakar með störf um allan heim óháð búsetu, upplýsingamiðstöðvar sem hafa þróast hratt, félagsleg undirboð og undirverktöku hjá t.d. Apple, Google og fl.

Félagsmönnum UNI ICTS hefur fjölgað en lögð hefur verið áhersla á skipulag og upplýsingatækni til að ná til starfsmanna og styðja við baráttufólk innan hreyfingarinnar. Lögð hefur verið áhersla á að efla samfélagsumræðu og auka stuðning við launafólk. Laun hafa ekki aukist samhliða framleiðniaukningu.

Fjöldi fulltrúa voru um 300 frá 66 löndum.

Formaður: Andy Kerr, CWU, UK
Þing: 2023i



UNI EUROPA ICTS

Formaður: Peter Hellberg, Unionen, Svíþjóð
Þing: 2021

UNI NORDEN ICTS

Samstarf landssambanda á Norðurlöndum. Tilgangur þess er að miðla upplýsingum og koma á viðræðum milli stéttarfélaganna og landa og fylgja eftir sameiginlegum áherslum innan UNI og UNI ICTS Europa. Haldnir eru ársfundir.

Ársfundur 2017 - Tallin

Fulltrúi: Guðbrandur Einarsson

Samtökin eru að vaxa mest innan þjónustu og tæknigeirans. Ákveðið var að ráða starfsmann tímabundið til næstu tveggja ára til að halda utan um samstarfið. Farið yfir málefni sem verða rædd á UNI Global þingi í Liverpool 2018.

Fyrirlestur var um gervigreind og að hún muni ekki koma í staðinn fyrir mannlega greind í náinni framtíð. Óttast er að fyrirtæki sem eru að flytja starfsemi milli landa þar sem ódýrara er að lifa munu grafa undan samningum í heimalöndum. Störf eru að færast mikið inn á heimili starfsmanna sem sinna forritun og tölvuþjónustu. Sumir vinnustaðir í Frakklandi loka netþjónum utan vinnutíma til að virða friðhelgi starfsmanna og starfsmönnum er bannað að opna tölvupósta. Fulltrúar fóru yfir stöðuna í sínu landi.

Ársfundur 2018 – Riga

Fulltrúi: Guðbrandur Einarsson

Almennt er fækkun félagsmanna á norðurlöndum fyrir utan í Unionen í Svíþjóð. Umræður hafa verið um sameiningu stéttarfélaganna bæði í Finnlandi og í Noregi. Stéttarfélögin á Norðurlöndum hafa hvorki sjúkra- né starfsmenntasjóði eins og á Íslandi. Lettar hafa verið duglegir að endurvekja verkalýðshreyfinguna með myndun tengslanets sem hefur styrkt félögin og fjölgað félagsmönnum.

Stjórnarfundur 2018 - Osló

Fulltrúi: Guðbrandur Einarsson

Áhyggjur eru af misnotkun gervigreindar og mikilvægi þess að fólk sé upplýst hvenær það sé í samskiptum við mannaskju eða gervigreind. Rætt um mikilvægi persónuverndarlaga.

Formaður: Peter Hellberg, varaformaður UNIONEN

Fundir: Ársfundur, stjórnar- og vinnufundur

Skattur: DKK 0,5 fyrir 60% félagsmanna

SYSTURSAMTÖK Á NORÐURLÖNDUM

Mikil samvinna er á milli formanna Landssambanda verslunar- og skrifstofufólks á Norðurlöndum. Formenn hittast reglulega á fundum hjá NH, NS og UNI. Þing sambandanna eru haldin á 4 ára fresti.

HK í Danmörku

Þing HK 2017

Fulltrúi: Guðbrandur Einarsson

Þema: „Saman til framtíðar“ Sambandið er starfsstéttaskipt - verslun, fjölmiðlar, iðnaður, sveitarfélög, einkageiri og þjónusta. Erindi voru m.a. um kulnun vegna aukins álags á vinnustöðum og um tæknibreytingar sem koma til með að breyta vinnulagi og stytta vinnutímann. Áhersla var lögð á að HK þyrfti að fylgja markaðinum og þróuninni með aukinni menntun. Kynnt var ný tækni um sýndarveruleika og gervigreind.

Þing: 2021

Formaður: Kim Simonsen

HK Handel

Þing: 2020

Formaður: Per Tønnesen

PAM í Finnlandi

Þing: 2019

Formaður: Annika Rönni Sällinen

HK í Noregi

Þing: 2020

Formaður: Trine Lise Sundnes

Handels í Svíþjóð

Þing: 2020

Formaður: Susanna Gideonsson

UNIONEN í Svíþjóð

Þing: 2019

Formaður: Martin Linder

Skýrslur aðildarféлага

VR



Þróun félagsmannafjölda

2018	36.029
2017	35.231
2016	32.813
2015	31.203

Rekstur félagsins og húsnæði

Skrifstofur VR eru í Reykjavík, Vestmannaeyjum, á Akranesi, Selfossi, Reykjanesbæ og Egilsstöðum. Starfsemin skiptist í fjögur svið sem eru kjaramálasvið, fjármála- og rekstrarsvið, þjónustu- og mannauðssvið og þróunarsvið. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins.

Formaður VR er Ragnar Þór Ingólfsson.

Á aðalfundi Verslunarmannafélags Suðurnesja (VS) þann 26. apríl 2018 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að ganga til viðræðna við VR um sameiningu félaganna. Samningur um samruna félaganna var undirritaður þann 19. febrúar 2019, með fyrirvara um félagslega afgreiðslu samkvæmt lögum beggja félaga. Félagsmenn í VS samþykktu sameiningu í atkvæðagreiðslu dagana 6. til 13. mars 2019 með 83% greiddra atkvæða. Sameiningin var svo samþykkt á aðalfundi VR 27. mars 2019 og sameinuðust félögin formlega frá og með 1. apríl. 2019.

Í byrjun mars 2019 voru 62 starfandi hjá VR í rúmlega 56 stöðugildum.

Félagsstarf og fundir

Fjöldi funda:

17	fundir í stjórn
9	fundir í trúnaðarráði
1	félagsfundir
3	ársfundir deilda
1	opinn fundur með frambjóðendum til stjórnarkosninga

Sjúkrasjóður

Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

	2018		2017	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
Sjúkra- og dagpeningar	1.265	1.739.607.271	1.081	1.253.923.146
Dánarbætur	96	41.853.244	104	42.936.736
Örorkubætur	13	33.186.100	17	20.524.879
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	106	18.290.864	117	22.417.700
Bætur og styrkir til félagsmanna samtals*	1.471	1.832.937.479	1.302	1.339.802.461
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga		15.317.765		15.865.612

* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Á árinu 2018 voru 64 orlofshús og -íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 19 orlofshús og eitt hótélherbergi á árinu. Útleigur ársins 2018 voru 4.621 samanborið við 4.170 árið 2017. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri. VR gekk frá kaupum á nokkrum nýjum húsum á starfsárinu, í samræmi við ákvörðun stjórnar VR frá því í október árið 2016 um átak í fjölgun orlofshúsa. Í ágúst 2018 voru tvö hús á Hellishólum í Fljótshlíð tekin í notkun og í lok þess árs var gengið frá kaupum á húsi á Siglufirði sem fyrirhugað er að verði tilbúið til útleigu vorið 2019. Viðamiklar endurbætur á húsum félagsins í Miðhúsaskógi héldu áfram en auk þess var unnið að því að bæta veginn á orlofssvæðinu

Fræðslumál


Á árinu 2018 voru greiddar rúmlega 618 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna VR úr starfsmenntasjóðum sem félagið er aðili að samanborið við tæplega 390 milljónir króna árið áður. Aukning milli ára er um 59% sem rekja má til ákvörðunar stjórnar sjóðanna, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Starfsmenntasjóðs verslunarinnar, að hækka hámarksstyrk í allt að 130 þúsund krónur á ári, eða 390 þúsund krónur í uppsafnaðan styrk eftir þrjú ár, og greiðsluhlutfall í 90% vegna náms, starfstengdra námskeiða og ráðstefna. Þessi ákvörðun tók gildi 1. janúar 2018. Áður var hámarksstyrkur 90 þúsund krónur á ári og uppsafnaður styrkur 270 þúsund krónur að hámarki. Umsóknir félagsmanna VR um styrk árið 2018 voru alls 9.340 en voru 7.867 árið áður. Alls fékk 7.381 félagsmaður styrk á árinu 2018 en árið 2017 voru þeir 6.650. Frá árinu 2008 hefur fjöldi félagsmanna sem fær styrk rúmlega tvöfaldast. Á árinu 2018 fengu 584 félagsmenn greiddan uppsafnaðan þriggja ára styrk en þeir voru 445 árið 2017.

Atvinnumál svæðisins

Í ágúst árið 2010 tók gildi samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Eftirlitið annast sérstakir fulltrúar sem heimilt er að fara í eftirlitsheimsóknir á vinnustaði sem undir lögin falla til að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsfulltrúar VR eru tveir, annar er með starfsstöð á Selfossi en hinn í Reykjavík.

Alls voru skráðir 530 vinnustaðir í heimsóknum eftirlitsfulltrúa VR en heimsóknirnar eru mun fleiri þar sem ekki liggja fyrir tölur um hversu oft fyrirtæki er heimsótt á árinu né er tekið tillit til fjölda starfsstöðva. Má áætla að a.m.k. 800 heimsóknir séu að baki þessum 3.400 skráningum.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR



Samskipti við atvinnurekendur

Skrifað hefur verið undir kjarasamninga VR við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda sem fela í sér nýja nálgun til bættra lífskjara. Áhersla á kjarabætur til þeirra sem hafa lægstu launin er rauði þráðurinn í samningnum en um það er almenn sátt í samfélaginu.

Samið var um krónutöluhækkanir eins og lagt var upp með í upphafi samningaviðræðna en auk þess eru launahækkanir að hluta tengdar þróun hagvaxtar og er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun taxtalauna í ljósi launaþróunar á almennum vinnumarkaði. Þá er vinnuvikan stytta, en það var eitt helsta áherslumál VR í samningaviðræðunum, og sveigjanleiki aukinn. Eitt meginmarkmið samningsins er að stuðla að vaxtalækkun sem eykur ráðstöfunartekjur heimilanna. Gildistími samningsins er frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022.

Kjarasamningur VR við SA var samþykktur með 88,35% atkvæða og kjarasamningur VR við FA var samþykktur með 88,47% atkvæða.

Rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamningana fór fram á vef VR dagana 11.- 15. apríl sl.

Sérfræðingar á kjaramálasviði VR tóku á móti 2.196 nýjum málum árið 2018 samanborið við 2.015 árið áður. Aukning milli ára er því um 9%. Ef frá eru talin atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn á árinu 2018 var mála fjöldinn alls 1.947 á árinu samanborið við 1.859 árið áður sem er tæplega 5% aukning milli ára.

Um áramótin 2018 og 2019 var VR með 144 mál í vinnslu, þar af voru 67 hjá lögmanni félagsins. Alls voru 85 mál af þessum 144 málum vegna ársins 2018, 44 vegna ársins 2017 en 15 mál voru þaðan af eldri. Á árinu 2018 komu inn á borð kjaramálasviðs 27 gjaldþrotamál sem vörðugu alls 144 félagsmenn. Lítil breyting var á fjölda gjaldþrotamála milli ára, árið 2017 voru málin 26 og vörðugu 94 félagsmenn.

Annað

Félagið réðst í mikla auglýsingaherferð á árinu 2018 um kulnun í starfi undir heitinu „Þekktu þín mörk“. Markmiðið með herferðinn var að vekja athygli á þeim gríðarlega neikvæðu áhrifum sem álag í starfi hefur á fólk. Auglýsingaherferðin var meðal annars tilnefnd til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna, og FÍT verðlaunanna en FÍT eru samtök grafískra hönnuða og myndhöfunda.

Í desember fór félagið af stað með aðra auglýsingaherferð sem nefnist „Georgskjör“ en þar lék Jón Gnarr hinn óborganlega Georg Bjarnfreðarson úr Vaktarseríunum. Þar er Georg orðinn verslunareigandi og talar nú máli atvinnurekenda en heldur lítið fer fyrir réttindum starfsmanna Georgs og þau brotin og óvirt í hvívetna. Með þessum auglýsingum vildi félagið vekja athygli á þeim réttindum sem hafa áunnist í gegnum tíðina en auglýsingunum var einnig ætlað að vera ákveðið innlegg í kjaraviðræðurnar. Auk auglýsinganna voru gerð fræðslumyndbönd um helstu málefni sem félagið leggur áherslu á í kjaraviðræðunum. Myndböndin voru í dreifingu á samfélagsmiðlum félagsins en þau má einnig sjá á vef VR, vr.is.



FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI



Þróun félagsmannafjölda

Fjöldi félagsmanna stóð í stað á árinu 2018 en í kjölfar kjarasamninga fórum við að finna fyrir fækkun félagsmanna og aðallega meðal stjórnenda í fyrirtækjum og er fækkunin sem af er þessu ári rétt rúmt eitt prósent. Fullgildir félagsmenn voru um síðustu áramót 2.657 þar af 375 lífeyrisþegar. Konur eru rúmlega 60% félagsmanna.

Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins hefur gengið vel undanfarin ár, iðgjaldatekjur hækkuðu um 6 % milli síðustu ára og voru um 200 mkr. á síðasta ári, auk annarra tekna upp á 13 mkr.. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam rekstrarafgangur félagsins 28 mkr. og eigið fé í árslok nam 657,2 mkr. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum er 11%.

Formaður FVSA er Eiður Stefánsson.

Félagsstarf og fundir

Fimm manna félagsstjórn ásamt þremur varamönnum fundar reglulega. Trúnaðarráð skipað 21 félaga, fundar 2-3 sinnum á ári. Almennir félagsfundir 1-2 á ári, auk þess vinnustaðafundir og fundir með einstökum starfsgreinum. Árlega er haldinn starfsdagur allra kjörinna fulltrúa félagsins og starfsmanna. Á þeim fundi kjósa félagslegir trúnaðarmenn FVSA 8 úr sínum röðum í Trúnaðarráð félagsins. Fundurinn er með blönduðu efni ætlaður bæði til gagns og gamans. Einnig er farið árlega í leikhúsferð til nágrannabyggðalaga, boðið er lífeyrisþegum, trúnaðarmönnum á vinnustöðum og kjörnum fulltrúum félagsins. Félagið gefur út fréttablað og heldur úti heimasíðu.

Sjúkrasjóður

Mikið álag hefur verið á sjúkrasjóði félagsins og heildargreiðslur í sjúkradagpeninga voru um 44.mkr. fyrir árið 2018 sem er 42% aukning á milli ára. Alls voru greiddir 171 mánuður í sjúkradagpeninga til 66 einstaklinga. 86% af þeim eru konur og 42% þeirra sem fá greidda sjúkradagpeningar eru þrítugir og yngri. Öll innkoma í sjóðinn er endurgreidd til félagsmanna í formi ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða og styrkja auk dagpeninga. Árlegur styrkur til Mæðrastyrksnefndar Eyjafjarðarsvæðisins auk styrkja til ýmissa samfélagsverkefna og stofnana eru greiddir úr félagssjóði. Árvisst er að stéttarfélögin í Alþýðuhúsinu sameinist um stærri framlög í þessu sambandi.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið festi kaup á sjöttu búðinni við Mánatún í Reykjavík um mitt ár 2018, fimm eru í almennri leigu til félagsmanna og ein er nýtt fyrir fólk sem þarf að leita sér lækninga í borginni. Nýting íbúðanna er mjög góð. Á Illugastöðum á félagið þrjú orlofshús, þau eru einnig í helgarleigu yfir vetrarmánuðina. Þá á félagið stórt og glæsilegt frístundahús í Vaglaskógi. Auk þess tekur félagið nokkur orlofshús á leigu yfir sumarmánuðina. Orlofsstyrkjum og útilegukortum er úthlutað. Gisting á Fosshótelum og inneignarbréf í flug er niðurgreitt til félagsmanna. Veiðikortið og Útilegukortið eru til sölu á hagstæðum kjörum á skrifstofunni.

Atvinnumál svæðisins

Lítið atvinnuleysi er á meðal félagsmanna. Að meðaltali greiddu 52 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir 56 í mars en fæstir í desember 42.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur hafa verið í góðu lagi í langflestum tilfellum.

Fræðslumál

Félagið er í samstarfi við önnur stéttarfélög á svæðinu með trúnaðarmannafræðslu og ýmis önnur námskeið. Á árinu 2018 voru 28,4 mkr. greiddar í styrki til 410 félagsmanna úr starfsmenntasjóðum verslunarmanna.

Annað

Stéttarfélagin við Eyjafjörð standa sameiginlega að hátíðarhöldum 1. maí og skiptast á að vera í forsvari fyrir 1. maí nefndinni. Félagið er aðili að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símei, Virk starfsendurhæfingu við Eyjafjörð, Ráðgjafatorgi Akureyrarbæjar og Fjölsmiðjunni á Akureyri.

Verslunarmannafélag Skagafjarðar



Þróun félagsmannafjöldi

Félagsmannafjöldi hefur haldist frekar stöðugur. Í árslok 2017 voru þeir 178 en í árslok 2018 voru þeir 177. Sem fyrr eru konur 2/3 af félagsmönnum. Atvinnuleysi er nánast ekkert hjá félagsmönnum.

Rekstur félagsins og húsnæði

Hagnaður félagsins árið 2017 var tæplega 6,9 milljónir, þar af voru fjármagnstekjur 4,6 milljónir. Innborguð félagsgjöld voru 7,6 milljónir. Árið 2018 var hagnaðurinn rúmlega 6,8 milljónir og þar af voru fjármagnstekjurnar 5,4 milljónir. Innborguð félagsgjöld voru 7,5 milljónir. Eignir félagsins í árslok 2018 voru rúmlega 202 milljónir.

Formaður Vmf. Skagafjarðar er Hjörtur Geirmundsson.

Félagsstarf og fundir

Haldnir eru 7-9 stjórnarfundir á ári í félaginu, síðan eru haldnir fundir í trúnaðarráði eins og þarf hverju sinni. Almennir félagsfundir auk aðalfundar eru síðan 1-2 á hverju ári.

Sjúkrasjóður

Rekstur sjóðsins hefur verið svipaður undanfarin ár en sl. 2 ár hafa þó verið að aukast greiðslur sjúkradagpeninga og þá sérstaklega til ungra félagsmanna sem er ákveðið áhyggjuefni. Félagið greiðir einnig út ýmsa styrki s.s. til sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, líkamsræktar, krabbameinsskoðunar o.fl. Á hverju ári eru í kringum 120-130 afgreiðslur úr sjúkrasjóðnum. Tekjur sjóðsins hafa alltaf verið meiri en útgreiðslur þannig að peningaleg staða sjóðsins er ágæt. Hrein peningaleg eign um sl. áramót var rúmlega 115 milljónir. Þá hefur sjóðurinn átt um langt árabil íbúð í Reykjavík ásamt tveimur stéttarfélagunum í Skagafirði sem að leigð er út til þeirra sem að þurfa að leita sér lækningar á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðurinn lét gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins 2018 og kom hann mjög vel út úr þeirri úttekt og getur staðið fullkomlega við sínar lögbundnu skuldbindingar.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði ásamt Öldunni stéttarfélagi og einnig íbúð í Reykjavík ásamt hinum stéttarfélagunum í Skagafirði til almennrar útleigu til félagsmanna. Þá hefur félagið greitt um nokkurra ára skeið orlofsstyrki sem að vegur upp á móti því að félagið á ekki nema eitt orlofshús til almennrar útleigu. Um 40-50 félagsmenn nýta sér þessa orlofsstyrki árlega. Félagið hefur einnig niðurgreitt ákveðna gistimöguleika á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Á árinu 2018 námu þessir styrkir um 925 þúsund kr.

Fræðslumál

Félagið hefur verið í samvinnu við Farskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og styrkt þar námskeið sem hafa verið í gangi fyrir félagsmenn. Félagið hefur einnig veitt Farskólanum rekstrarstyrk árlega. Þá hefur verið töluverð ásókn í styrki til starfsmenntasjóðs sem er mjög af hinu góða. 30 - 40 félagsmenn nýta sér árlega styrki úr sjóðnum. Félagsmenn eru duglegir

bæði við starfstengt nám og tómstundanámskeið. Þá hefur félagið verið í samstarfi við önnur stéttarfélög á Norðurlandi vestra og Farskóla NV boðið upp á afmörkuð námskeið sem eru ókeypis fyrir félagsmenn.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnumál hjá félagsmönnum hafa verið í þokkalegu ástandi árin 2017-2018 og lítið sem ekkert atvinnuleysi. Verslunarmannafélagið hefur ekki þurft að lýsa kröfu í protabú á þessu tímabili. Hins vegar hefur lítil sem engin fjölgun fyrirtækja verið í þessari flóru.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur hafa gengið nokkuð vel fyrir sig á þessu tímabili. Of mikið er um að fólk fái einungis greitt eftir töxtum sérstaklega í verslun. Laun hjá skrifstofufólki eru hins vegar mun betri og í langflestum tilfellum er verið að greiða yfir töxtum þar.

Kaupfélag Skagfirðinga er langstærsti atvinnurekandinn á svæðinu og rekur jafnframt stærstu verslanirnar. Einnig eru Olíufélögin stór atvinnurekandi á svæðinu.

Annað

Félagið er í samstarfi við Ölduna stéttarfélag varðandi þjónustu við félagsmenn. Starfsfólk skrifstofunnar sér um allan daglegan rekstur og umsýslu fyrir félagið, túlkun kjarasamninga og alla almenna þjónustu við félagsmenn. Félagin halda einnig úti sameiginlegri heimasíðu www.stettarfelag.is.

Félagið varð 60 ára árið 2018. Stofnað 9. júní 1958. Af því tilefni var öllum félagsmönnum gefin gjöf og einnig voru veittir veglegir samfélagsstyrkir í tilefni af afmælisárinu.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga, deild verslunarmanna



Virkt afl á vinnumarkaði

Fjöldi félagsmanna og skipting

Verkalýðsfélag Vestfirðinga er deildarskipt félag með aðild að SGS, LÍV, SSÍ og Samiðn. Meðalfjöldi greiðandi félagsmanna í Verslunardeild Verk Vest fyrir árið 2018 voru 338 og gjaldfrjálsir 20. Fjölgar í deildinni milli ára, voru 322 árið 2017. Heildar(meðal)fjöldi félagsmanna í öllum deildum félagsins árið 2018 var 2291.

Aðild að landssambandi eða bein aðild	Greiðandi félagsmenn ALLIR		Greiðandi félagsmenn þar af yngri en 35 ára		Fjöldi greiðandi	Gjaldfrjálsir félagsmenn		Heildarfjöldi félagsmanna
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		Karlar	Konur	
Félag	844	937	465	413	1781	66	125	1972
Verslunarmannadeild	134	204	77	82	338	5	15	358
Iðnaðarmannadeild	23	0	6	0	23	0	0	23
Sjómannadeild	148	1	15	0	149	5	0	154

Rekstur félagsins og húsnæði

Félagið rekur tvær skrifstofur. Aðalskrifstofa er í Hafnarstræti 9 á Ísafirði þar sem opið er mánudaga – fimmtudaga frá kl.08.00 – 16.00 og eftir að samdist um styttingu vinnuvikunnar er opið til kl.15:00 á föstudögum. Fjöldi starfsmanna á Ísafirði eru 6 og vistar skrifstofa félagsins einnig tvo ráðgjafa Virk á Vestfjörðum í samtals 1,5 stöðugildi. Félagið er einnig með útibú í Aðalstræti 5 á Patreksfirði þar sem opið er alla daga frá kl.10.00 – 16.00. Einn starfsmaður er hjá félaginu á Patreksfirði. Þá rekur félagið einnig skrifstofu á Hólmavík í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða með hálfu stöðugildi. Heildariðgjöld og fjármagnstekjur voru 284,9 mkr. og rekstrargjöld voru 252,3 mkr. árið 2018.

Formaður deildar verslunarmanna er María H. Guðmundsdóttir.

Félagsstarf og fundir

Félagsstjórn fundar fyrsta mánudag hvers mánaðar og vegna kjarasamningsgerðar fundaði trúnaðarráð félagsins nokkuð þétt á liðnu starfsári. En einnig voru haldnir vinnustaðafundir í tengslum við endurnýjun kjarasamninga.

Starfsemi sjúkrasjóðs

Stjórn sjúkrasjóðs fundar í 3ju viku hvers mánaðar. Mikil fjölgun styrkumsókna hefur verið allt frá árinu 2010. Vega umsóknir um dagpeninga þyngst sem hafa farið úr 21,5 mkr. árið 2010 í 44,2 mkr. vegna ársins 2018 sem er lækkun frá árinu 2017 en þá fóru greiðslur í 47 mkr. Einnig eru félagsmenn duglegir að nýta iðgjaldatengda styrki og hafa greiðslur aukist úr 2,7 mkr. í 8,9 mkr. fyrir sama tímabil. Að öðru leiti er rekstur sjóðsins með nokkuð hefðbundnu sniði.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á og rekur 5 orlofsíbúðir í Reykjavík, eina íbúð á Akureyri og einbýlishús með veislusal á Suðureyri. Einnig er félagið þátttakandi í orlofsbyggðunum á Einarstöðum, Flókalundi, Illugastöðum, Svignaskarði og Ölfusborgum með alls 10 sumarbústaði. Þá á félagið íbúð í samstarfi við þrjú önnur stéttarfélög í Arenales del sol við Alecante á Spáni. Íbúðir eru mjög vel nýttar allt árið einnig sumarhús í Svignaskraði. Aðrir staðir eru með lakari nýtingu. Rekstur sjóðsins er með nokkuð hefðbundnu sniði. Iðgjöld og leigutekjur árið 2016 voru 51,5 mkr. og rekstrargjöld 46,5 mkr.

Atvinnumál á félagssvæðinu

Smærri verslunar og þjónustufyrirtæki eiga undir högg að sækja, þó hefur verslunardeildin stækkað og eru þau störf helst vegna skrifstofustarfa. Nokkur brögð eru enn að þeir sem vinna á starfssvæði verslunardeildar félagsins greiði iðgjöld til VR og sniðgangi deildina hjá félaginu. Félagið hefur ítrekað þurft að beina þeim skilaboðum til atvinnurekanda að VR eigi ekki félagssvæði á Vestfjörðum.

Fræðslumál:

Regluleg kjarasamningsbundin námskeið trúnaðarmanna eru haldin hjá félaginu. Kjaramálanámskeið ásamt námskeiðshaldi um starfsemi og hlutverki stéttarfélaga fyrir starfsfólk, stjórn og trúnaðarráð eru einnig hluti af árlegri starfsemi félagsins. Þá er félagið þátttakandi í samstarfsnámskeiðum með Fræðslumiðstöð Vestfjarða s.s. Landnemaskólinn og fl.

Útgáfu og kynningarmál

Félagið hefur hætt útgáfu á fréttablaði en heldur úti heimsíðu, fésbókar- og instagramsíðum ásamt útgáfu kynningarbæklings um starfsemi félags. Kynningar í vinnuskólum á félagssvæðinu en félagið hefur einnig verið með kynningar í grunn- eða framhaldsskólum.

Annað

Stjórn Verk Vest telur að LÍV verði að setja á oddinn samstarf við önnur landssambönd ASÍ um rétta skráningu félagsaðildar út frá kjarasamningum og starfsgreinum. Verkfallsátök og kjaraviðræður á vettvangi ASÍ félaganna undanfarin 7 ár hafa staðfest að við verðum að taka á þessum skipulagsmálum félagsmönnum okkar til heilla.

Verkalýðsfélag Snæfellinga, deild verslunarmanna



Þróun félagsmannafjölda

Félagafjöldi í verslunardeild verkalýðsfélags Snæfellinga hefur staðið nokkurn veginn í stað milli ára. Árið 2018 greiddu 121 einstaklingur í félagið en ársverkin voru 73.

Rekstur félagsins og húsnæði

Verslunardeild verkalýðsfélags Snæfellinga er ekki haldið sér í bókhaldi félagsins, verslunarmenn eru hluti félaga í VERKS. Eins og sést í ársreikningum félagsins var rekstur félagsins góður á árinu 2018. Félagið er með aðalskrifstofu í Ólafsvík en rekur einnig skrifstofur í Grundarfirði og Stykkishólmi.

Formaður deildar verslunarmanna var Samúel Jón Samúelsson sem sagði af sér í september 2019. Ekki er búið að ganga frá staðfestingu á nýjum formanni.

Félagsstarf og fundir

Haldnir voru 10 stjórnarfundir í félaginu auk aðalfundar en sameiginlegir fundir stjórnar og trúnaðarráðs tvisvar.

Sjúkrasjóður

Stjórn sjúkrasjóðs fundar síðustu vikuna í hverjum mánuði og fer yfir umsóknir, styrkir eru greiddir út um mánaðarmót.

Útgreiðslur úr sjúkrasjóði hafa aukist um 25% að krónutölu, á síðustu tveimur árum. En eiginfjárstaða sjóðsins er sterk og skilaði afgangi árin 2017 og 18.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á og rekur 4 íbúðir í Kópavogi og eina í Reykjavík, einnig á félagið 2 sumarhúsa, í Svignaskarði og Brekkuskógi. Félagið á líka $\frac{1}{4}$ hlut í Altomar sem er hlutafélag í eigu fjögurra félaga sem reka saman leiguíbúð á Spáni. allar þessar eignir hafa verið endurnýjaðar á síðustu 5 árum og því hefur reksturinn verið sveiflukenndur milli ára.

Fræðslumál

Félagar í verslunardeild VERKS greiða í starfsmennt. Mjög lítið er um að sótt sé um styrki til starfsnáms eða tómtunda innan deildarinnar eða 2 til 3 á ári. Einungis einn félagi fékk styrk árið 2018.

Atvinnumál svæðisins

Á svæðinu er næg atvinna í boði og er mikið um erlent farandverkafólk, sérstaklega í hótél og veitingageiranum en einnig í fiskvinnslunni.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur eru allt frá því að vera með ágætum, í það að talast við gegnum lögfræðing. Eftirlit hér hefur ekki verið sem skyldi, en það stendur til bóta.

Stéttarfélagið Samstaða, deild verslunarmanna



Þróun félagsmannafjölda

Félagsmenn Stéttarfélags Samstöðu voru í heildina 766 með gjaldfrjálsum þann 31.12.2018 sem er smá fjölgun. Í deild verslunarmanna voru 74 þar af 7 gjaldfrjálsir.

Rekstur félagsins og húsnæði

Félagið er með aðalskriftstofu sína á Blönduósi sem er opin alla daga, og er í eigin húsnæði. Einnig er rekin skrifstofa á Hvammstanga í leigu húsnæði og þar er starfsmaður í 20% starfi var áður í 50%. Rekstur félagsins er með sama hætti og undanfarin ár og vísast þar í ársreikninga félagsins.

Formaður deildar verslunarmanna er Vigdís Edda Guðbrandsdóttir

Félagsstarf og fundir

Stjórnarfundir eru alla jafna einu sinni í mánuði nema yfir sumartímann og fundir með stjórn og trúnaðarmannaráði eftir þörfum þ.e. hvaða málefni liggja fyrir hverju sinni t.d. fundað oftast þegar kjarasamningar eru í gangi.

Fundur í deildinni var einn, aðalfundur deildarinnar.

Sjúkrasjóður

Rekstur sjúkrasjóðs hefur gengið nokkuð vel undanfarin ár, komið tiltölulega vel út.

Sjóðurinn hefur sjálfstæða þriggja manna stjórn sem fundar í lok hvers mánaðar.

Séu einhver álitamál hefur það komið fyrir að stjórnin vísi málum til aðalstjórnar og trúnaðarmannaráðs en það er ekki algengt.

Vísað er að öðru leytið í lög sjúkrasjóðs Stéttarfélags Samstöðu.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið á eitt hús að Illugastöðum í Fnjóskadal og helming í húsi í Ölfusborgum á móti Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Félagið hefur síðan tekið hús á leigu yfir sumartímann og endurleigt sínum félagsmönnum.

Sl. Sumur hafa verið þrír valkostir til viðbótar, sumarhús á Einarstöðum á Héraði, Flúðum og 8 vikur í húsi í Borgarfirði.

Fræðslumál

Félagið hélt trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við Ölduna stéttarfélag í Skagafirði sl. vetur sem var haldið í Blöndustöð og hefur svo verið undanfarin ár. Einnig eru margir félagsmenn að nýta sér námskeið á vegum Farskólans – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Félagið bauð uppá tómstundanámskeið fyrir sína félagsmenn endurgjaldslaust og voru þau vel sótt. Þá er nokkuð um að fólk sé í fjarnámi og fólk er duglegt að nýta sér starfsmenntasjóðina sem Stéttarfélagið er aðili að.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnumál eru í frekar góðu lagi á félagssvæði Stéttarfélags Samstöðu og frekar er að vanti fólk til starfa. En meiri fjölbreytni í atvinnulífið tækjum við samt fagnandi.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur eru í heildina litið frekar góð og þjónusta stéttarfélagsins vel nýtt.

Félagið er með vinnueftirlitsfulltrúa sem fer um svæðið ásamt fulltrúa sem ráðinn var sameiginlega fyrir Norðurlandið.

Verkalýðsfélagið Þórshafnar



Þróun félagsmannafjölda

Félagsmenn á árinu 2019 eru 14 og hefur þessi fjöldi verið svipaður síðustu ár. Af þessum 14 einstaklingum eru 93% konur. Atvinnuástand er gott.

Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur deildarinnar er í umsjón Verkalýðsfélags Þórshafnar, að Langanesvegi 18, 680 Þórshöfn. Þar starfar einn starfsmaður á skrifstofu og heldur utan um rekstur félagsins.

Formaður deildar verslunarmanna er Svala Sævarsdóttir.

Félagsstarf og fundir

Deild verslunar – og skrifstofufólks Verkalýðsfélags Þórshafnar heldur árlega aðalfund en þar fyrir utan er deildinn þáttakandi í starfsemi Verkalýðsfélags Þórshafnar sem heldur hádegisverðarfundi, fundi í trúnaðarráði og aðra félagsfundi.

Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóðurinn er nokkuð hefðbundinn og hafa úthlutanir úr honum verið svipaðar undanfarin ár. Félagsmenn eru mikið að nýta sér einstaka flokka s.s. sjúkraþjálfun, nudd, gleraugnastyrki, krabbameinsskoðanir og íþróttastyrki. Þá eru félagsmenn sem stunda reglubundna hreyfingu í íþróttahúsinu á Þórshöfn að gera það með styrk úr sjúkrasjóðnum.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagsmenn deildar verslunar – og skrifstofufólks Verkalýðsfélags Þórshafnar hafa fullan aðgang að Orlofssjóði Verkalýðsfélags Þórshafnar. Orlofssjóðurinn á 2 hús í Kjarnaskógi við Akureyri sem eru vel nýtt. Á sumrin hefur félagið verið í samstarfi við Framsýn á Húsavík um sumarhús og getur því boðið félagsmönnum sínum sumarhús vítt og breitt um landið fyrir sumartímann. Þá hafa félagsmenn verið duglegir að nýta sér aðra kosti sem orlofssjóður hefur uppá að bjóða. Þar er helst að nefna niðurgreiðslu á flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur sem félagið býður upp á í samstarfi við Framsýn á Húsavík en einnig niðurgreiðslu á hótelum og tjaldsvæðastyrki.

Fræðslumál

Verkalýðsfélag Þórshafnar hefur umsjón með trúðarmannafræðslu, öðrum námskeiðum og sér um að greiða styrki úr starfsmenntasjóði.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástand hefur verið gott á félagssvæðinu hjá verslunarfólki og litið um atvinnuleysi.

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur er að mestu leyti góð á svæðinu og þjónusta stéttarfélagsins vel nýtt.

AFL Starfsgreinafélag



Þróun félagsmannafjölda AFLs

Félagsmannafjöldi í verslunarmannadeild samkvæmt skýrslum 2017 til 2019.

	Greiðandi			Gjaldfrjálsir			Heildar fjöldi
Ár	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Samtals
2017	84	200	284	9	27	36	320
2018	138	267	405	9	30	39	444
2019	140	270	410	9	29	38	448

Rekstur félagsins og húsnæði

Rekstur félagsins er í jafnvægi og traustur. Félagið rekur 7 þjónustuskrifstofur á félagssvæðinu. Hjá félaginu starfa 16 starfsmenn í liðlega 12 stöðugildum þar af eru 2 Virk ráðgjafar.

Formaður deildar verslunarmanna er Lars J. Andrússon.

Félagsstarf og fundir

Verslunar- og skrifstofudeildin er ein af fjórum deildum félagsins. Deildin er þátttakandi í félagsstarfi heildarfélagsins og sinnir einnig sérmálum deildarinnar. Haldin eru trúnaðarmannanámsskeið tvisvar á ári, annars vegar á vorin og hins vegar á haustin. Jafnframt ýmsir viðburðir. Stjórn deildarinnar fundar eftir þörfum aðalstjórn félagsins ca. 10 sinnum á ári

Sjúkrasjóður

Félagið hefur á að skipa öflugum sjúkrasjóði sem auk sjúkradagpeninga og dánarbóta greiðir ýmsa styrki. Greiðslur sjúkradagpeninga voru rýmkaðar verulega á aðalfundi 2018 þar sem hlutfall var hækkað úr 80% í 85% af launum. Auk þess var þakið hækkað í 900.000 á mánuði. Í styrkjum eru þýngstir styrkir vegna læknisferða út fyrir svæðið auk sjúkraþjálfunarstyrkja og heilsueflingarstyrkja. Töluverðar sveiflur eru í greiðslum úr sjúkrasjóði milli ára, bæði í sjúkradagpeningum og styrkjum.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Félagið hefur yfir að ráða öflugum orlofssjóði sem hefur einbeitt sér að útleigu orlofshúsa og orlofsíbúða. Stöðug ásókn er í íbúðir félagsins á Akureyri og í Reykjavík, bæði sem orlofsnotkun og ekki síður sem sjúkranotkun, en sjúkrasjóður á hlut í nokkrum íbúðum. Orlofssjóðurinn býður jafnframt upp á aðra orlofskosti s.s ódýrari gistingu á hótél, útilegu- og veiðikort og fleira.

Fræðslumál

Félagið er í nánú samstarfi við Austurbrú og Fræðslunet Suðurlands um ýmis fræðsluverkefni.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástand er þokkalegt á félagssvæðinu

Samskipti við atvinnurekendur

Samskipti við atvinnurekendur eru í ákveðnum farvegi. Félagið stendur fyrir öflugum vinnustaðaeftirliti í samstarfi við ASÍ

Annað

Vinna í og við kjarasamninga deildarinnar hefur verið í góðu samstarfi við LÍV og var ekki breyting þar á í síðustu samningum.

Félagið er í nánú samstarfi við Austurbrú og Fræðslunet Suðurlands um ýmis fræðsluverkefni.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástand er þokkalegt á félagssvæðinu.

Framsýn stéttarfélag



FRAMSÝN

Skýrsla þessi tekur mið af því að Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar stéttarfélags er deild innan félagsins.

Þróun félagsmannafjölda

Á árinu 2018 greiddu 344 launamenn til deildarinnar, þar af voru konur 179 á móti 165 körlum. Félagsmönnum hefur farið fjölgandi á síðustu árum sem rekja má til aukinna umsvifa á félagssvæðinu.

Rekstur félagsins og húsnæði

Framsýn er með skrifstofuhúsnæði að Garðarsbraut 26 á Húsavík. Fjárhagsleg afkoma félagsins var mjög góð á árinu 2018. Rekstrarafgangur varð á öllum sjóðum félagsins. Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu um 3,8% milli rekstrarára. Rekstrarútgjöld lækkuðu á milli ára. Rekstrartekjur félagsins námu 273.5 mkr. sem er aukning um 3% milli ára. Rekstrargjöld námu 182.2 mkr. sem er lækkun um 1,8% milli ára. Þessi lækkun er ekki síst tilkomin vegna lækkunar bóta og styrkja úr sjúkrasjóði og vinnudeilusjóði. Fjármagnstekjur námu 57.6 mkr. Félagsgjöld og iðgjöld námu 233.3 mkr. á móti 224.8 mkr. á árinu 2017. Í árslok 2018 var tekjuafgangur félagsins 141.7 mkr. en var 128.5 mkr. árið 2017. Heildareignir félagsins námu 2.017.4 mkr í árslok 2017 samanborið við 1.895.3 mkr. í árslok 2017.

Formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks er Jónína Hermannsdóttir

Félagsstarf og fundir

Aðeins einn formlegur stjórnarfundur var haldinn á vegum deildarinnar á síðasta starfsári. Hins vegar situr formaður deildarinnar í aðalstjórn Framsýnar og hefur þannig áhrif á starfsemi félagsins. Stjórn Framsýnar fundar reglulega eða að jafnaði einu sinni í mánuði. Þá er Deild verslunar- og skrifstofufólks aðili að flestum félagsfundum á vegum félagsins og öðrum þeim viðburðum sem Framsýn stendur fyrir á hverjum tíma.

Sjúkrasjóður

Á árinu 2018 voru 1.246 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði félagsins. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja 50.9 mkr. Sama upphæð fyrir árið á undan var 57.3 mkr. Samkvæmt þessari niðurstöðu er lækkun á greiðslum úr sjúkrasjóði milli ára.

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Framsýn á tvö orlofshús á Illugastöðum og í Dranghólaskógi við Öxarfjörð. Félagið á jafnframt fjórar íbúðir í Kópavogi, eina í Reykjavík og eina á Akureyri. Félagsmönnum stendur til boða að fá aðgengi að íbúðunum og orlofshúsunum á hverjum tíma. Á síðasta ári dvaldi fjöldi félagsmanna ásamt fjölskyldum sínum í orlofshúsum, orlofsíbúðum og hótelum/gistiheimilum á vegum félagsins.

Fræðslumál

Deildin stóð ekki fyrir sérstökum námskeiðum fyrir félagsmenn á síðasta starfsári. Hins vegar eru félagsmenn duglegir við að sækja sér menntun á eigin vegum. Á síðasta starfsári fengu 38 félagsmenn innan deildarinnar greidda styrki úr Starfsmenntasjóði verslunar og skrifstofufólks, samtals 2.6 mkr.

Atvinnumál svæðisins

Atvinnuástandið á félagssvæði Framsýnar hefur verið með miklum ágætum og því hefur lítið verið um atvinnuleysi. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum fengu 143 félagsmenn Framsýnar greiddar atvinnuleysisbætur á árinu 2018 samtals 134.1 mkr. Með mótframlagi 10.7 mkr. námu heildargreiðslur alls 144.8 mkr.

Samskipti við atvinnurekendur

Að venju hefur Framsýn kappkostað að eiga gott samstarf við atvinnurekendur á svæðinu. Í dag er kjölfestan í atvinnumálum í Þingeyjarsýslum ferðaþjónusta, iðnaður, sjávarútvegur, landbúnaður og verslun og þjónusta.

Annað

Deildin hefur lagt mikla áherslu á að halda úti öflugri heimasíðu og eins Fréttabréfi. Þannig hefur deildinni og þar með Framsýn stéttarfélagi tekist að upplýsa félagsmenn um það helsta sem er að gerast á vegum félagsins á hverjum tíma. Þá er gott aðgengi að helstu upplýsingum varðandi kjör, réttindi og skyldur félagsmanna inn á heimasíðunni.

Stéttarfélag Vesturlands



Þróun félagsmannafjölda

Félagsmenn skiptast þannig eftir kynjum: karlar 635 og konur 584 alls 1.219. Alls greiddu 1.720 einstaklingar iðgjöld til félagsins árið 2018, þar af voru 1.078 fullgildir greiðendur en 642 greiddu í minna en sex mánuði á árinu. Gjaldfrjálsir félagar voru alls 141. Félagsmenn skiptast þannig milli þeirra landssambands sem félagið er aðili að.

	31.12.18	31.12.17	31.12.16	31.12.15	31.12.14
Starfsgreinasamband Íslands	1.040	1.050	1.110	894	933
LÍV	143	206	150	154	166
Samiðn, samband iðnfélaga	36	44	42	62	56
Samtals	1.219	1.300	1.302	1.110	1.155

Rekstur félagsins og húsnæði

Viðsnúningur hefur orðið í rekstri Stéttarfélags Vesturlands, ræður þar mestu að fjöldi þeirra sem greiða til félagsins vex og tekjur félagsmanna aukast. Afgangur af samanlögðum rekstri var 18.5 milljónir, Félags- og Sjúkrasjóður voru jákvæðir en Orlofssjóður var neikvæður um 3.5 milljónir.

Formaður deildar verslunarmanna er María H. Guðmundsdóttir.

Félagssjóður

Rekstrarniðurstaða sjóðsins var jákvæð árið 2018 um 8,3 millj. kr, en afgangurinn á árinu 2017 um 2,6 millj. kr. Rekstrarniðurstaða Félagssjóðs er nú jákvæð þriðja árið í röð. Eigið fé sjóðsins að meðtöldum verkfallssjóði nam í árslok 40,6 millj. kr. en var 32,3 millj. kr. í lok ársins á undan. Veltufé frá rekstrar nam 8,3 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé jókst um 5,4 millj. kr. á árinu. Handbært fé Félagssjóðs í árslok nam 21,1 millj. kr.

Auk orlofshúsa og íbúða á Stéttarfélag Vesturlands hús við Sæunnargötu 2a í Borgarnesi. Það hús hýsir meginþættina í starfsemi félagsins og þar er ágætur fundarsalur sem félagið hefur leigt út fyrir afar hóflegt gjald. Félagið á tvö ágæt skrifstofuherbergi í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal, að Miðbraut 11, eða samtals um 5% af heildareigninni, þau eru nú í fastri leigu til Dalabyggðar.

Félagsstarf og fundir

Stéttarfélag Vesturlands og Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu stóðu að vanda saman að hátíðarhöldum í Hjálmakletti. Hófst dagskráin kl. 11:00 að morgni. Signý Jóhannesdóttir formaður Stéttarfélags Vesturlands setti hátíðina. Barnakórinn mætti að nýju með Steinunni Árnadóttur sem stjórnanda var mættur aftur og að þessu sinni með aðstoð frá Haraldi Hólmi. Hjónin Eva Margrét Jónudóttir og Snorri Bergsson ásamt meðleikaranum Önnu Sólrúnu Kolbeinsdóttur fluttu nokkur lög. Aðalræðumaður var Gunnlaugur Júlíusson sveitarstjóri í Borgarbyggð. Síðan mættu þau Bíbí og Björgvin Franz skemmtu síðan börnum og fullorðnum. Formlegri dagskrá lauk síðan með Tindatríóinu, sem skipað er þeim Atla Guðlaugssyni og sonum hans Bjarna og Guðlaugi, píanóleik annaðist Sveinn Arnar Sæmundsson. Samkomugestum var síðan boðið upp á súpu og brauð sem framreidd var af börnum úr 9. bekk Grunnskóla Borgarness og foreldrum þeirra. Félögin buðu börnum upp á bíósýningu í Óðali. Samkoman í Hjálmakletti var þokkalega sótt. Stéttarfélag Vesturlands stóð að samkomu í Búðardal í samvinnu við Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu ásamt því að SFR kom í fyrsta sinn með félögunum að þessum fundi. Þar var kynnir Harpa Helgadóttir, ræðumaður kom frá BSRB. Bíbí og Björgvin Franz skelltu sér líka vestur í Dali og Börn úr Tónlistardeild Auðarskóla komu fram. Dagskráin í Búðardal hófst að venju kl. 14:30 og lauk henni með kaffisamsæti að hætti Katrínar hnallpórumeistara.

Aðalfundur Stéttarfélags Vesturlands var haldinn í Alpýðuhúsinu í Borgarnesi fimmtudaginn 17. maí 2018.

Þær breytingar urðu á stjórn að Ásta Sólveig Guðmundsdóttir tók við af Patrícia da Silva Teixeira sem formaður í Matvæla- flutninga og þjónustudeild. Trúnaðarráð félagsins hélt 6 fundi á árinu og stjórnarfundir voru 6. Fulltrúar félagsins sóttu fundi landssambandanna sem félagið á aðild að sem og fundi lífeyrissjóðanna. Ársþing ASÍ var einnig sótt af fulltrúum félagsins

Sjúkrasjóður

Rekstrarniðurstaða ársins 2018 var jákvæð um 13,8 millj. kr en árið 2017 var niðurstaðan jákvæð um 2,6 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2018 nam 179,1 millj. kr. en var 165,3 millj. kr. í árslok 2017. Veltufé frá rekstri nam 14,5 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé jókst um 18,9 millj. kr. á árinu. Handbært fé Sjúkrasjóðs í árslok nam 142,0 millj. kr. en var 123,2 millj. kr. í árslok 2017. Gerð var úttekt á stöðu Sjúkrasjóðs miðað við árslok 2012 af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi í samræmi við lög ASÍ. Umræður innan ASÍ um gildi slíkra úttekta á gegnumstreymissjóðum, eins og sjúkrasjóðir eru í eðli sínu, hefur gert það að verkum að reglurnar um úttekt hafa verið einfaldaðar. Samið var við ENOR endurskoðun að taka sjóðinn út miðað við árslok 2018 og er niðurstöðu að vænta á næstu dögum

Orlofssjóður og rekstur orlofshúsa

Rekstrarhalli var á Orlofssjóði árið 2018 3,5 millj. kr. en rekstrarhalli Orlofssjóðs árið 2017 var 1,3 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok nam 79,4 millj. kr. en 82,9 millj. kr. árið á undan. Orlofssjóður fékk að láni í ársbyrjun 2016 20 millj. kr. frá Sjúkrasjóði vegna kaupa á Ásatúni 26 á Akureyri. Veltufé frá rekstri nam 0,6 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymi. Handbært fé drógst saman um 3,0 millj. kr. á árinu. Handbært fé Orlofssjóðs í árslok nam 8,1 millj. kr. en var 11,2 millj. kr. í árslok 2017,

Fræðslumál

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veitti 18 (14) (17) félagsmönnum styrki á árinu, 4 (6) (6) körlum og 14 (8) (11) konum, samtals að upphæð kr. 1.131.065 (654.614) (1.127.855) Styrkjunum er farið að fjölga aftur sem er ánægjulegt. Námskeiðin voru mjög fjölbreytt til dæmis yogakennaranám, reiðmaðurinn í LBHÍ, sjálfstyrking og fleira.

Stéttarfélagið gaf út 1 tölublað af Félagsfréttum árið 2018. Í janúar var gefið út hið árlega orlofsblað þar sem orlofskostir sumarsins voru kynntir félagsmönnum. Félagsblaðið var sent inn á hvert heimili á félagssvæðinu og á heimili þeirra félagsmanna er búa utan svæðisins. Í blaðinu var kynnt til sögunnar nýtt punktakerfi sem einfaldar sumarúthlutun. Punktakerfið er þó einungis notað á sumrin. Einnig var það kynnt að nú væri einungis hægt að sækja um fyrir sumarið rafrænt í gegnum orlofsvefinn okkar sem kom vel út. Orlofsvefurinn okkar hefur verið að nýttast félagsmönnum vel að öllu jöfnu en hann gerir það að verkum að félagsmenn geta hvenær sem er séð hvort eitthvað er laust í bústöðum og íbúðum og afgreitt sig sjálfir að mestu. Félagið hefur aukið að senda fréttir út á samfélagsmiðlum s.s. fésbókinni, þar er möguleiki á að blása upp fréttir sem ná þá til fleiri notenda og virðist það gefast vel.

Atvinnumál svæðisins

Virðast vera í góðum horfum höfum þó áhyggjur af samdrætti í ferðaþjónustu á komandi mánuðum.

Samskipti við atvinnurekendur

Kappkostað að eiga upplýsandi og góð samskipti við atvinnurekendur á svæðinu með það að leiðarljósi að efla traust á milli aðila.